

Snepill

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins
Ábyrgð: Haukur Harðarson

Fréttir af raunfærnimati

No. 9

Janúar 2018

Næsta námskeið um raunfærnimat

Næsta námskeið um raunfærnimat verður haldið dagana 31. janúar og 1. febrúar n.k. ef næg þátttaka næst. Lágmarkspátttaka er 10 manns. Skráning er hjá Steinunni á netfangið steinunn@frae.is. Á heimasíðu FA er hægt að nálgast [dagskrá](#).

Hvaða gát- og skimunarlista er verið að uppfæra?

Hér fyrir neðan er að finna upplýsingar um gátlista sem er verið að uppfæra hjá samstarfsaðilum. Þeim verður í flestum tilvikum skilað til FA 15. janúar 2018. Ef þið eruð að setja af stað verkefni á þessum sviðum verið í sambandi og fáið uppfærða lista. Minnt er á að sækja má um fjármagn til að uppfæra gát- og skimunarlista allt árið.

Uppfærsla á gát- og skimunarlistum		
Leikskólaliðabraut	Félagsmála- og tómsundabraut	Félagsliðabraut
Stuðningsfulltrúabraut	Fisktækni	Netagerð – kemur síðar

Næsta skref, ný útgáfa

Búið er að opna nýja útgáfu af vefnum [Næsta skref](#). Markmiðið er að veita upplýsingar um störf á íslenskum vinnumarkaði, námsframboð og raunfærni-matsleiðir. Þar er m.a. að finna skimunarlista fyrir raunfærnimat ásamt myndböndum, upplýsingum um ferlið og upplýsingar um hvernig hægt er að komast í samband við náms- og starfsráðgjafa. Endilega skoðið og metið hvort og hvernig efnið getur nýst ykkur við kynningu á raunfærnimati.



Heimasíða FA, upplýsingar um raunfærnimat

[Vefur FA](#) hefur verið uppfærður og í kaflanum um raunfærnimat er lögð áhersla á upplýsingar fyrir þá sem vinna við raunfærnimat. Helstu viðbætur eru um tölfræði og efni frá Evrópu og Norðurlöndunum. Eftir sem áður er einnig að finna hlekkin, efni fyrir fagaðila. Upplýsingar fyrir einstaklinga sem hafa áhuga á að kynna sér raunfærnimat voru færðar yfir á [Næsta skref](#).

Skýrsla NVL um færni í atvinnulífinu er komin út á íslensku

Í skýrslunni er fjallað um færni frá sjónarhóli atvinnulífsins. Sjónum beint að mikilvægum stefnumarkandi spurningum sem stuðla að því, að auðvelda skiptin á milli menntunar og atvinnulífs sem og hreyfanleika á vinnumarkaði. Í skýrslunni er töluvert fjallað um sýn atvinnulífsins á raunfærnimat þar sem notuð eru viðmið atvinnulífsins. Skýrsluna má nálgast á [vef FA](#) og er hún virkilega áhugaverð.



Peer Learning Activity í Brussel – fjármögnun og ávinningur raunfærnimats

Haukur Harðarson og Hildur Betty Kristjánsdóttir sóttu vinnufund um raunfærnimat í Brussel. Að þessu sinni var áherslan á fjármögnun og ávinning raunfærnimats. Helstu niðurstöður má finna á vef FA undir [efni fyrir fagaðila](#). Í einni af fjórum vinnustofum var kynning á íslenska fjármögnunarkerfinu og árangri héraendis.

Starfsmenn FA sem halda utan um raunfærnimat

Stöðugildi hjá FA sem tengjast umsjón og stefnumörkun fyrir raunfærnimat eru 1,15. Þau sem skipta stöðugildinu á milli sín eru Haukur Harðarson, Hildur Betty Kristjánsdóttir, Fjola María Lárusdóttir og Arnar Þorsteinsson. Að sjálfsögðu tengjast síðan önnur svið eins og ráðgjöf og hæfnigreiningar inn á verkþáttinn.